




Stór gígur á Meridiani Planum

Þennan gíg er að finna á Meridiani Planum, um 20 kílómetrum norðvestan við staðinn sem Opportunity jeppinn lenti á árið 2004 (og um 42 kílómetrum norðvestur af brún Endeavour gígsins, þar sem jeppinn hefur verið að störfum undanfarin ár). Þótt gígurinn sé í gagnstæða átt við jeppann er hann samt sem áður mjög áhugaverður.